

Tillaga að samstarfssamningi

Raggagarður og Súðavíkurreppur gera með sér 5 ára samstarfssamning um Raggagarð, Fjölskyldugarð Vestfjarða.

Súðavíkurreppur tekur að sér umsjón, umhirðu og viðhald Raggagarðs næstu fimm árin. Hreppurinn leggur til garðsins að lágmarki kr. 250.000 árlega verðbætt samkvæmt vísitölu neysluverðs til reksturs garðsins.

Lögheimili garðsins verður Grundarstræti 1 – 3

Umsjón, umhirða og viðhald felur m.a í sér eftirfarandi:

Bókhald garðsins ásamt því að greiða reikninga. Ársreikningur yrði gerður fyrir garðinn sem síðan er lagður fyrir hreppsnefnd árlega og afrit sent hollvinafélagi garðsins.

Umsjón með útleigu á kofum og grillum samkvæmt gjaldskrá á heimasíðu Raggagarðs og þrif þegar þörf er á. Gjaldið færi í kostnað við t.d þrif og rafmagn. Kofar og grill eru einungis endurgjaldslaus fyrir viðburði sem Raggagarður stendur fyrir.

Daglegt eftirlit og þrif á salerni og tæming ruslatunna eftir þörfum.

Slátt á grasi og umhirðu trjábeða eftir þörfum. Sjá um að svæðið líti vel út og sé okkur til sóma.

Annist vikulega eftirlitsferð á tímabilinu 1. júní – 1. sept þar sem litið er eftir hvort leiktæki séu í lagi. Athugasemdir skráðar ef einhverjar eru og úrbætur gerðar ef þörf er.

Opna garðinn 15. maí ef veður leyfir. Þá þarf að opna salerni, setja vatnið á og gera garðinn tilbúinn til að taka á móti gestum, ruslatunnur, bekkir og borð sett út.

Loka garðinum 15. sept. Skrúfa þá fyrir vatn, gera frostklárt og setja inn bekki, borð, grill, ruslatunnur og aðra lausamuni.

Eðlilegt viðhald á svæðinu, tækjum og kofum þegar þörf er á. Gera við það sem bilar, bera á tréverk og almennt halda svæðinu í góðu ásigkomulagi.

Athugasemd [MH1]: Ég held að hér verði að skilgreina hversu mikla umhirðu Ísafjarðarbær leggur til ef vilji er til þess að leggja fram vinnu, þá er það mín skoðun að ekki eigi að leggja fjármuni í verkefnið.

Athugasemd [MH2]: Þetta á vonandi bara við Súðavíkurrepp, færi út úr samningi við Ísafjarðarbæ ef Gerður verður samningur við þau.

Athugasemd [MH3]: Þetta verður líka bara að eiga við Súðavík.

Athugasemd [MH4]: Í raun á ekkert af þessu við að mínu mati, það kæmi frekar texti þar sem Ísafjarðarbær skuldbindur sig til að koma 1-2 daga að sumri með vinnuflokk úr vinnuskólanum og vinna við umhirðu garðsins.

Skýringar

Nú er Raggagarður að verða fullorðinn og tími til kominn að huga að hvernig framtíð hans verður. Okkur í stjórn Raggagarðs hugnast best einskona samstarf, þá milli Súðavíkurhrepps, Bolungarvíkurkaupstaðar, Ísafjarðarbæjar og hollvinafélags Raggagarðs.

Gerður verði samstarfssamningur við hreppinn til 5 ára

Sjá meðfylgjandi ársreikning vegna 2014 til að átta sig gróft á rekstrinum.

Hollvinafélagið verði einskona eftirlitsaðili með hreppnum. Komi hugsanlega til aðstoðar við einhver viðvik og sæki jafnvel um styrki ef við viljum bæta einhverju við. Vænlegra til árangurs fyrir hollvinafélag heldur en hreppinn. Félagið sjái um dósasöfnun sem verið hefur í garðinum ásamt söfnunarbauknum. Allt fé sem safnast verði nýtt fyrir garðinn. Þó ekki í almennan rekstur, fremur nýframkvæmdir eða það sem ógert er þegar garðurinn er afhentur.

Hugsanlega má semja við nágrannasveitarfélögin um árleg fjárframlög með garðinum ásamt því að fá vinnuskóla sveitarfélaganna þriggja til að vinna í garðinum t.d við málningavinnu, slátt og umhirðu trjábeða. Með því værum við að stuðla að samvinnu allra sveitarfélaganna og viðhalda þeim kærleika sem garðurinn hefur notið frá upphafi.

Samningur við sveitafélögin myndi Félagið Raggagarður sjá um að gera fyrir afhendingu Raggagarðs þann 8 ágúst 2015 en þá mun Raggagarður halda fjölskylduhátíð á 10 ára afmæli hans.